



Notendaskilmálar ÍTR korta

1. Samþykki skilmála

Með kaupum og notkun sundkorta í sundlaugarnar í Reykjavík og korta í Fjölskyldu- og húsdýragarðs af Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, samþykkir korthafi að fylgja þessum skilmálum.

2. Skilgreiningar

Eftirtalin hugtök hafa þessa merkingu þar sem þau koma fyrir í skilmálum þessum:

- Starfsstaðir eru sundlaugarnar í Reykjavík ásamt Fjölskyldu- og húsdýragarði
- Sundlaugarnar í Reykjavík eru:
 - Árbæjarlaug
 - Breiðholtslaug
 - Grafarvogslaug
 - Klébergslaug
 - Laugardalslaug
 - Sundhöll Reykjavíkur
 - Vesturbæjarlaug
- Fullorðinn eru einstaklingar sem eru 18 ára og eldri.
- Skiptakort – sundkort með inneign á ákveðin fjölda ferða
- Tímabilskort – kort sem gefið er út með nafni og kennitölu einstaklings og er aðeins til einkanota fyrir þann einstakling.
- ÍTR kort veita aðgang að sundlaugum í Reykjavík og Fjölskyldu- og húsdýragarði
- ÍTR kort eru sjálfsafgreiðslukort sem skanna þarf við aðgangshlið sundlaugar og sýna í afgreiðslu Fjölskyldu- og húsdýragarðs
- ÍTR kort eru margnota og hægt er að fylla á þau.
- Aðgangsauðkenni eru kort, armbönd eða önnur rafræn auðkenni sem veita einstaklingum aðgang í gegnum sjálfsafgreiðsluhlið.

3. Notendareglur

- Skiptakort
 - hægt er að kaupa sundkort/skiptakort með inneign á ákveðinn fjölda ferða.
 - fleiri en einn einstaklingur getur notað skiptakort.
 - skiptakort gildir ekki fyrir hópa.
 - gildistími skiptakorta er 48 mánuðir frá kaupdegi.

- Tímabilakort
 - eru kort sem gefið er út fyrir ákveðinn einstakling og er til einkanota fyrir þann einstakling.
 - eru aðgreind fyrir börn, fullorðna, aldraða og aðra skilgreinda hópa.
 - kortið veitir ótakmarkaðar ferðir yfir fyrirfram skilgreint tímabil.
 - hægt er að nota kortið í sjálfsafgreiðsluhliðum einu sinni á dag en kjósi eigandi að nýta kortið aftur sama dag þarf að snúa sér til afgreiðslu.
 - mynd er tekin af eiganda tímabilakorta til auðkenningar sé hann yfir 18 ára
 - ef korthafi heimilar ekki myndatöku þarf hann að snúa sér til afgreiðslu við hverja komu og sýna skilríki.

- Fjölskyldukort
 - gildir fyrir tvo fullorðna og fjögur börn. Mögulegt er að bæta við fleiri einstaklingum gegn gjaldi.
 - einungis skráðir korthafar geta notað kortið. Ekki er hægt að skipta út korthöfum á gildistíma.
 - veitir aðgang á hefðbundnum þjónustutíma og að atburðum sem eru á vegum garðsins.
 - við notkun kortsins er heimilt að óska eftir framvísunum skilríkja
 - mynd er tekin af eigendum fjölskyldukorta til auðkenningar séu þeir yfir 18 ára
 - ef korthafi heimilar ekki myndatöku þarf hann að snúa sér til afgreiðslu við hverja komu og sýna skilríki.

Reglur þessar gilda yfir öll útgefin ÍTR kort á vegum Reykjavíkurborgar.



4. Gjaldskrá

Reykjavíkurborg gefur árlega út gjaldskrá fyrir starfsstaði Reykjavíkurborgar í Reykjavík. Gjaldskrá hvers árs er aðgengileg á heimasíðu Reykjavíkurborgar og hangir uppi á starfsstöðum.

5. Skilareglur

Skiptakortum er ekki hægt að skipta yfir í tímabilskort.

Ekki er hægt að leggja inn ÍTR kort tímabundið.

Ekki er boðið upp á framselja tímabilskort á aðra kennitölu.

6. Vanefndir, lokun korta

Ef korthafi gerist brotlegur við notendareglur samkvæmt skilmálum þessum hefur ÍTR heimild til að afturkalla og loka korti fyrirvaralaust .

7. Glötuð kort

Korthafi getur tilkynnt glatað ÍTR kort á næsta starfsstað eða sent póst á sundkort@reykjavik.is og fengið inneign sína flutta yfir á nýtt aðgagnsauðkenni.

Greitt skal fyrir nýtt aðgagnsauðkenni samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

Korthafi ber ábyrgð á allri notkun kortsins fram að lokun þess.

Finni einstaklingur ÍTR kort er honum óheimilt að nota það. Mælst er til að tilkynna ÍTR fund kortsins á sundkort@reykjavik.is eða skila því í afgreiðslu næsta starfsstaðar

8. Misnotkun á kortum

Verði einstaklingur uppvís að því að framvísa tímabilakorti/fjölskyldukorti sem skráð er á annan einstakling hefur ÍTR heimild til þess að loka viðkomandi korti.



Reykjavík 24.08.2019

9. Persónuvernd

Um meðferð og vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Reykjavíkurborgar gilda lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 (persónuverndarlög). Með því að samþykkja skilmála þessa veitir korthafi Reykjavíkurborg heimild til að vinna með gögn sem verða til við noktun ÍTR korta.

Vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við notkun ÍTR kort fer fram af hálfu íþrótt- og tólmstundasviðs Reykjavíkur. Megintilgangur vinnslu persónuupplýsinga er að veita þá þjónustu sem korthafi hefur óskað eftir og veitt er með framvísun ÍTR korts. Vinnslan byggir á upplýstu samþykki hins skráða.

Veiti notandi ekki umbeðnar persónuupplýsingar getur það leitt til þess að ekki verði unnt að samþykkja umsókn um útgáfu ÍTR kort. Þá á notandi á rétt á að draga samþykki sitt til baka hvenær sem er. Afturköllun samþykkis mun þó ekki hafa áhrif á lögmæti vinnslu persónuupplýsinga á grundvelli samþykkisins fram að afturkölluninni. Uppsögn vegna samnings um ÍTR korts skal beina á netfangið sundkort@reykjavik.is Þá er einnig unnt að hafa samband símleiðis í síma 411-1111. Aðgangur að vinnslu persónuupplýsinga er takmarkaður við það starfsfólk sem þurfa hann starfs síns vegna.

Reykjavíkurborg notar upplýsingar um nafn, mynd, kennitölu og netfang korthafa til að auðkenna hann í hliðum þjónustustöðva. Persónuupplýsingar þessar eru jafnframt unnar í þeim tilgangi að opna og endurútgefa glötuð kort ef við á, sem og til að framkvæma flutning á inneignum notenda á milli auðkenna, sé þess óskað. Þá kann Reykjavíkurborg að nota tengiliðaupplýsingar korthafa til að gera honum viðvart ef röskun verður á þjónustu.

Reykjavíkurborg mun einnig nýta persónuupplýsingar notenda í því skyni að framkvæma tölfræðilegar greiningar í því skyni að bæta þjónustu til notenda og greina notkun hennar, svo sem til þess að sjá hversu margir gestir eru inni á hverju þjónustusvæði hverju sinni.

Í þeim tilfellum sem starfsfólk Reykjavíkurborgar óskar eftir útgáfu ÍTR korts er persónuupplýsingum miðlað frá næsta yfirmanni til skrifstofu íþrótt- og tólmstundasviðs Reykjavíkur svo unnt sé að gefa út ÍTR kort í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfskjör.

Notendur geta á hvaða tíma sem er óskað eftir upplýsingum um þær persónuupplýsingar sem varðveittar eru í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga.

Hafa má samband við persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar í síma 411-1111 eða með því að senda tölvupóst á netfangið personuverndarfulltrui@reykjavik.is



Reykjavík 24.08.2019

10. Lög og varnarþing

Skilmálar þessir fara eftir íslenskum lögum, svo og öll mál sem rísa kunna af notkun nema um annað sé sérstaklega samið.

Rísi mál vegna brota á skilmálum þessum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

11. Gildistími

Skilmálar þessir gilda frá 28. ágúst 2019

Reykjavík, 24. ágúst 2019.